

**Sp.**

**503. Svar**

**[99. mál]**

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Jónsdóttur um staðgreiðslu búvara og afkomu afurðastöðva.

**1. Lán ríkissjóðs vegna staðgreiðslu búvara.**

Ríkissjóður áætlað að verja nálægt 600 milljónum króna til þess að auðvelda staðgreiðslu búvara og hefur þetta fé verið fengið að láni frá Seðlabanka Íslands.

**2. Fyrirkomulag greiðslna.**

*Sauðfjárframleiðslan.*

Staðgreiðslulán ríkissjóðs var útreiknað samkvæmt birgðum kindakjöts 1. nóv. s.l. og útborgað 15. des. s.l. Miðað var við verðlagsgrundvallarverð og það að afurðalánin dygðu fyrir 73,5% af verðinu til bænda. Afgangurinn, eða 26,5%, var síðan staðgreiðslulán ríkissjóðs. Sú upphæð er í kringum 450 milljónir króna.

Framleiðsluráð landbúnaðarins sá síðan um útreikning á því hve mikið skyldi greiðast hverjum og einum sláturleyfishafa sem síðan sér um beinar greiðslur til bænda. Staðgreiðslulánið endurgreiði sláturleyfishafi þannig:

1. Með niðurgreiðslufé úr ríkissjóði á verði kindakjöts eftir sölu hverju sinni.
2. Með útflutningsbótafé úr ríkissjóði við uppgjör útflutnings.
3. Með niðurgreiðslufé úr ríkissjóði á vaxta- og geymslukostnaði kindakjöts.

Gera skal að lokinni úthlutun fjármagnsins til sláturleyfishafa áætlun um endurgreiðslur hvers og eins leyfishafa og skal nýta þá endurgreiðslumöguleika, sem fyrr voru nefndir, í sömu röð og að ofan greinir. Stefnt skal að því við þá áætlun að endurgreiðslan verði sem jöfnust í krónutölu á kg kjöts sem selst eftir 1. des. 1985.

*Mjólkurframleiðslan.*

Staðgreitt var í fyrsta sinn til bænda fyrir mjólkurframleiðsluna í september. Fengu þeir fulla greiðslu í byrjun október. Til þessara staðgreiðslulána áætlað ríkissjóður að verja nálægt 150 milljónum króna. Þessar greiðslur nema nálægt 10% af verði til bænda og auk þess er greitt vegna birgða tímabilsins.

Framleiðsluráð landbúnaðarins sér um greiðslur til mjólkurstöðvanna og útreikning á þeim. Mjólkurstöðvarnar sjá síðan um greiðslur til bænda. Endurgreiðslur fara fram með sambærilegum hætti og hjá sláturleyfishöfum.

**3. Úttekt á stöðu afurðastöðva.**

Starfandi er á vegum viðskiptaráðuneytisins nefnd um staðgreiðslu til bænda. Nefndin hefur ekki lokið störfum.